

Ed. 2. Frumvarp til laga [2. mál]

um breyting á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

1. gr.

Við ákvæði laganna til bráðabirgða bætist nýr stafliður svo hljóðandi:

3. Lán þau, sem íbúðaeigendum hafa verið veitt, samkvæmt 2. mgr. C-liðar 7. gr. laganna og eiga að greiðast upp á árunum 1969 og 1970 skulu greiðast upp með jöfnum afborgunum á næstu 6 árum, 1970—1975, með gjalddaga 1. nóv. ár hvert, í fyrsta sinn 1. nóv. 1970. Jafnframt skulu vextir af lánum þessum lækka í 5% p. a. og greiðast 1. nóv. ár hvert, í fyrsta sinn 1. nóv. 1969.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, visast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að fjárhagserfiðleikar þess láglaunafólks innan verkalýðsfélaganna, sem keypt hefur íbúðir þær, sem framkvæmdanefnd byggingaráætlunar í Reykjavík hefur látið byggja á vegum ríkisins, séu almennt svo miklir, að yfirvofandi sé innan skamms nauðungarsala á íbúðunum, ef lánakjörum verði ekki breytt til hagsbóta fyrir það.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið.

1. gr.

Við ákvæði laganna til bráðabirgða bætist nýr stafliður svo hljóðandi:

3. Lán þau, sem íbúðaeigendum hafa verið veitt, samkvæmt 2. mgr. C-liðar 7. gr. laganna og eiga að greiðast upp á árunum 1969 og 1970 skulu greiðast upp með jöfnum afborgunum á næstu 6 árum, 1970—1975, með gjalddaga 1. nóv. ár hvert, í fyrsta sinn 1. nóv. 1970. Jafnframt skulu vextir af lánum þessum lækka í 5% p. a. og greiðast 1. nóv. ár hvert, í fyrsta sinn 1. nóv. 1969.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. júní 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.